

Nr. 020 / 15 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast við trolltöku***

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. janúar 2015 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Eldeyjarbanka. Veður: SV 15-18 m/s og ölduhæð 3-4 m.

Trollpoki hafði slitnað aftan úr skipinu og skipverjar komið 18 mm kollíntógi í hann sem var svo hinsvegar fastur í krók á flottromlunni. Einn skipverja, sem var staddur við toghlerann stb. megin, var að huga að tóginu og hvort í lagi var að hífa en þá strekktist á því og það slitnaði með þeim afleiðingum að endi þess slóst í hann. Slasaði rifbeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var á flatreki og skrúfa útkúpluð;
- að verið var að gera tilraun með nýja gerð af ofurtógi sem festi saman belginn og pokan sem slitnaði þegar verið var að taka trollið inn í slæmu veðri;
- að hann fékk kollínutógið í hægri síðu og rifbeinsbrotnaði þegar verið var að reyna að ná inn pokanum og var frá vinnu í sex vikur;
- að líklega var tógið ekki nægjanlega sterkt eða að það hefði skorðast undir skipinu og særst.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.